Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

# Forkaupsréttur að landi, vernd náttúru og menningararf.

Nr. S-26/2021 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

## Efni


1. Þátttaka ........ 2
2. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim ........ 2
3. Næstu skref ........ 2


Febrúar 2021

# 1. ÞÁTTTAKA

| | Einstaklingar | Lögaðilar |
|---|---|---|
| Umsagnaraðilar | | Orkustofnun |
| Samtals | | 1 |

Eftirtöldum aðilum var boðið að veita umsögn: Alþýðusamband Íslands, Samtök iðnaðarins, Viðskiptaráð Íslands, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök eigenda sjávarjarða, Landssamband sumarhúsaeigenda, Samtök atvinnulífsins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Félag fasteignasala, Umhverfisstofnun, Landmælingar Íslands, Landssamband veiðifélaga, Verkfræðingafélag Íslands, Skipulagsfræðingafélag Íslands, Félag landfræðinga, Landbúnaðarháskóli Íslands, Bændasamtök Íslands, Húseigendafélagið, Þjóðskjalasafn Íslands, Samtök fjármálafyrirtækja, LÍSA - samtök um landupplýsingar á Íslandi, Ríkisendurskoðun, Landgræðsla ríkisins, Hagstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktin, Óbyggðanefnd, Þjóðaröryggisráð, Þjóðskrá Íslands, Sýslumannafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, Ríkisskattstjóri, Landssamtök landeigenda á Íslandi, Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök, Byggðastofnun, Minjastofnun, Vegagerðin, Landsnet, Orkustofnun, RARIK, Landsvirkjun, Vatnajökulsþjóðgarður.

Skjöl málsins, umsögnin og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2895

# 2. SJÓNARMIÐ UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

Fram kemur í umsögn Orkustofnunar að stofnunin geri ekki athugasemdir við þá fyrirætlan sem kynnt er áformaskjalinu, en vekur athygli á eftirfarandi:

- Réttarstaða aðila hvað varðar auðlindanýtingu á landi geti breyst við það að landareign flytjist yfir í opinbera eigu.
- Réttindi þriðja aðila geti verið til staðar á grundvelli samningssambands.
- Landareignum geta fylgt sameiginleg auðlind með öðrum landareignum.

Ábendingar Orkustofnunar kalla ekki á að áformum um lagasetninguna sé breytt en taka þarf mið af ábendingum stofnunarinnar við beitingu forkaupsréttar, verði mælt fyrir um slíkan forkaupsrétt í lögum.

# 3. NÆSTU SKREF

Ætlunin er að kynna drög að frumvarpi í Samráðsgáttinni í vor og gefst þá tækifæri til að koma að frekari athugasemdum.